

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 141/1624*  
*komudagur 18.2.2013*

nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 18. febrúar 2013  
SLB/RH/004/2013

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum (frítækjumark lífeyris). - 454. mál.**


Vísað er til tölvubréfs dags. 31. janúar 2013 þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar ríkisins um ofangreint lagafrumvarp.

Breytingartillögurnar í umræddu frumvarpi leiða óhjákvæmilega til töluverðs kostnaðarauka. Leiða má að því líkum að sá kostnaður verði að minnsta kosti 4,5 milljarðar króna á ári verði umrætt frumvarp að lögum.

Tryggingastofnun hefur ekki efnislegar athugasemdir við frumvarpið að öðru leyti en því að mikilvægt er að gildistaka breytinga séu miðaðar við áramót. Það er bæði vegna árlegs uppgjörs lífeyrstrygginga svo og vegna útreiknings bóta. Einnig þarf að taka tillit til þess að breyta þarf tölvukerfum stofnunarinnar og að bætur eru fyrirframgreiddar. Gildistaka þarf því að taka mið af því að gefa þurfi stofnuninni tíma til að framkvæma umræddar breytingar.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að með lögum 70/2009 sem samþykkt voru 2. júní 2009 hafi verið gerðar margvíslegar breytingar sem skertu bætur lífeyrisþega. Frumvarpi þessu er ætlað að láta þær breytingar ganga til baka. Athygli er vakin á því að frá þeim tíma hafa margvíslegar breytingar gerið gerðar til að bæta hag lífeyrisþega, sérstaklega þeirra sem hafa lágar aðrar tekjur. Varðandi það má m.a. benda á svar velferðarráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um útgjaldasparnað í almannatryggingakerfinu á yfirstandandi þingi á þingskjali 848 - 402. mál.

Virðingarfyllt



Ragna Haraldsdóttir framkvæmdastjóri Stjórnsýslusviðs